

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fiskmjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. Neskaupstað.

1. gr.

4. gr. 2. tl. í starfsleyfi frá 2. desember 1988 orðist svo:

Fyrirtækið skal fyrir lok apríl 1992 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lofthreinsibúnaðar fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2. 10. tl.

2. gr.

4. gr. 3. tl. í starfsleyfi frá 2. desember 1988 orðist svo:

Lofthreinsibúnaður fyrir útblástur frá þurrkurum er brenni lyktarefnum sbr. gr. 2.10, skal tekinn í notkun fyrir lok september 1993.

Umhverfisráðuneytið, 21. febrúar 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um framlengingu á bráðabirgðastarfsleyfi fiskmjölsverksmiðju Faxamjöls hf. að Kletti, Reykjavík.

1. gr.

3. gr. í bráðabirgðastarfsleyfi frá 16. febrúar 1988 orist svo:

Samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, skal fyrirtækið árlega greiða eftirlitsgjald. Samkvæmt gjaldskránni fellur fyrirtæki þetta í 2. flokk.

2. gr.

4. gr. 1. tl. í bráðabirgðastarfsleyfi frá 16. febrúar 1988 orðist svo:

Bráðabirgðastarfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, gildir til 22. febrúar 1992.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða eru felld úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 21. febrúar 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.